

Nýútkomin lög.

Lög um leysing á sóknarbandi, gefin út 12. maí 1882, birt í stjórnartíðindum 1882 A. 9. bls. 66—69.

Lög um kosningarrett kvenna, gefin út 12. maí 1882, birt í stjórnartíðindum 1882 A. 10. bls. 70—71.

Viðaukalög við lög 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeradsfunda, gefin út 12. maí 1882, birt í stjórnartíðindum 1882 A. 11. bls. 72—73.

Viðaukalög við lög 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á ölpnum skipum, gefin út 12. maí 1882, birt í stjórnartíðindum 1882 A. 12. bls. 74—75.

Lög um umsjón og fjárhald kirkna, gefin út 12. maí 1882, birt í stjórnartíðindum 1882 A. 13. bls. 76—79.

Bréf ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um danskar messur í Reykjavík. — Þá er ráðgjafinn samkvæmt tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu bréfi 7. októbr. f. á. hafði komið fram með allra-þegnlegasta uppástungu um breyting á því fyrirkomulagi á dönskum messugjörðum í Reykjavíkurdómkirkju, sem nú á sjer stað, hefir hans hátign konunginum 17. f. m. allramildilegast þóknast að setja reglur þær, er hjér skal greina, fyrir því, hversu halda skuli danskar messur í tjeðri dómkirkju: 81

1. að meðan hinn núverandi dómkirkjuprestur þjónar embætti þessu, skuli 5 sinnum á ári flytja danska messu í dómkirkjunni, þannig að íslensk messa falli niður þann sunnudag, sem á dönsku er messað, og auk þessa 3 sinnum á ári jafnframt íslenskri guðspjónustu, en það sje annanhvorn hátíðisdaginn á páskum, hvítasunnu og jólum.

2. að undir eins og unnt verður að útvega dómkirkjuprestinum nauðsynlega aðstoð við guðspjónustuhald, verði dönsk messa flutt öll hin nefndu 8 sinni um árið, án þess að íslensk messa fyrir þessa skuld falli niður nokkurn sunnudag eða helgidag á árinu; og loksins.

3. að þá er dómkirkjuprestsembættið losnar, verði þeim sem það verður veitt, gjört að skyldu að halda uppi dönskum messum hin nefndu 8 sinnum á ári, án þess að íslensk messa fyrir þessa skuld verði niður felld nokkurn sunnudag eða helgidag á árinu.

Þetta læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusámlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og svo að þjer kunngjörð það, svo sem þörf er á.

Bréf ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um bóka gjöf. — Með pósti skipi því, er nú fer út til Íslands mun yður verða sendur til nauðsynlegra ráðstafana 82
5. apríl.
bókakassi merktur: „Landshöfðingen over Island Reykjavík“ og innihaldandi bækur þær er ritaðar eru á hjálagða skrá, og eru þær gjöf frá F. A. Krieger hæstarjettar-assessor til landsbókasafns Íslands.

Viðurkenning fyrir viðtökunni óskast þóknanlega send.
8. dag júní. 1882.